

... hefur mikilóð uppeldislegt gildi  
at bæðirnar eða aðrir nákomnir  
er ang börn og með ungum börnum  
fallegar þar sem saman tvinnast  
hugþekkar frasagnir.

bókinni eru fallegar litmyndir  
og sagur er einfalt ævintýri  
m barn skilja og kunna að meta.



Íslenskur texti: Stefán Júliusson


ISBN 9979-52-236-4  
9 789979 522362

AFI OG AMMA og stóra gulrófan

SETBERG

# AFI OG AMMA OG STÓRA GULRÓFAN






Einu sinni var bóndi sem bjó í litlu þorpi langt inni á milli fjallanna. Hann vann hörðum höndum í garðinum sínum allt sumarið til að eiga nóg af grænmeti allan liðlangan veturinn. Hann var svo önnum kafinn frá morgni til kvölds að gamla, góða konan hans sá hann varla.

Loks kom  
uppskerutíminn  
þegar mál var að  
taka upp úr



görðum og safna rófum og  
grænmeti til vetrarins. Þá  
boðaði bæjarstjórinn í þorpinu  
alla bændur á sinn fund og  
lofaði þeim bónda veglegum  
verðlaunum sem fengi stærstu  
gulrófuna upp úr sínum garði.  
Verðlaunin voru mjög góð,  
svartskjöldótt mjólkurkýr.





Bóndinn átti enga kú. Hann sagði við sjálfan sig: „Ef við ættum kú gætum við boðið gestum og gangandi sem fram hjá fara nógan ost. Það yrði sannarlega björg í bú.“

Hann varð með allan hugann við þetta og sá líka fyrir sér hvað Svartskjálða yrði glæsileg í fjósinu þeirra. Hann skundaði heim og hamaðist meira við vinnuna en nokkurn tíma áður.



Áður en langt um leið var allur garðávöxtur kominn í hús, rófur og grænmeti, nema úr einu beði í garði bónadans. En hann var sífellt að hugsa um Svartskjöldu og rófurnar í garðinum hans voru ekki sérlega stórar. „Nei þetta er vonlaust,“ tautaði bónadinn. „Hér er ekkert sem vinnur til verðlauna.“



Varla hafði hann hætt þessu tauti þegar nokkuð undarlegt gerðist. Hann kom að gulrófu í síðasta beðinu sem ekki haggaðist þegar hann ætlaði að taka hana upp. Hann herti á takinu en rófan sat hin fastasta í moldinni.



Æstur og spenntur tók hann  
á rás og hljóp út að bæjar-  
læknum þar sem konan var að  
þvo ílát.

„Kona góð, kona góð,“ hrópaði  
hann. „Komdu strax og  
hjálpaðu mér! Ég fann svo stóra  
rófu að ég gat ekki tekið hana  
upp úr moldinni hjálparlaust!“



Bóndakonan hætti þá að þvo  
potta sína og pönnur og hraðaði  
sér á eftir bónda sínum. Saman  
toguðu þau í rófuna, kipptu og  
rykktu og rykktu og kipptu, en  
rófan haggaðist ekki.



Loks sagði konan: „Það er  
auðséð að þessi rófa er of stór  
fyrir okkur svona gömul. Ég  
ætla að skjótast eftir honum  
sonarsyni okkar. Hann er  
ungur og sterkur.“

Hún skondraðist niður eftir brautinni þar til hún hitti sonarsoninn á heimleið með gæsirnar.

„Komdu fljótt!“ hrópaði hún.  
„Við höfum fundið stórkostlega rófu og getum ekki togað hana



upp úr moldinni nema þú  
hjálpir okkur!“

Strákur lét gæsirnar eiga sig  
og flýtti sér í garðinn þar sem  
rófan var hjá afa og ömmu.



Bóndinn tók nú í rófuna,  
konan greip utan um bónða  
sinn, og afastrákur togaði í  
ömmu sína.

Þau streittust öll þrjú, toguðu  
og kipptu.

Loks sagði amma: „Pú, þessi  
rófa er of stór fyrir okkur þrjú.  
Skrepptu eftir henni dóttur-  
dóttur okkar og segðu henni  
að hjálpa okkur.“



Afastrákur hljóp þá að sækja ömmustelpu sem var að gæta kindanna úti í haga og prjóna teppi.

„Láttu rollurnar eiga sig,“ hrópaði afastrákur. „Það er stór rófa í garðinum sem afi og amma og ég getum ekki togað upp úr moldinni.“ Ömmustelpa lét þá prjónana liggja og hentist niður í garðinn þar sem rófurnar uxu.





Ennþá einu sinni greip bóndi taki um rófuna, bónðakonan tók í karl sinn, strákurinn kippti í ömmuna, stelpan togaði í strákinn. Þau tóku öll á af öllum kröftum, kipptu og rykktu, rykktu og kipptu. En ekkert gekk, rófan sat gikkföst í moldinni!

Þau voru alveg uppgefin.

„Nú er nóg komið,“ sagði þá konan. „Við þurfum meiri hjálp. Farðu og sæktu nágrannakonu okkar, telpan mínn.“

Ömmustelpa hljóp þá á næsta bæ þar sem hún hitti konuna sem var að súpa kaffisopann sinn. „Komdu strax og hjálpaðu okkur,“ kallaði ömmustelpa. „Við höfum fundið stærstu rófu sem til er í öllum heiminum.“

ndi  
an  
nn  
aði  
af  
og  
En  
t í  
  
þá  
p.  
lu





Undrandi lagði nágrannakonan kaffibollann frá sér og hraðaði sér í rófugarðinn til hinna.

„Rófan hlýtur að láta undan fimm manneskjum,“ sagði bónadakonan.



En þegar bóndinn, bónadkonan, afastrákur, ömmustelpa og nágrannakonan höfðu rembst við að toga í rófuna án þess að hún léti undan sagði nágrannakonan ákveðin: „Hér dugar bara ekkert minna en nautsterkur maður.“

Og um leið skeiðaði hún af

stað að sækja mjólkurþóstinn.  
Hún mætti honum fljótlega á  
leið frá því að mjólka kýrnar.

„Nú er mikið í fréttum,“  
hrópaði hún. „Böndinn hefur  
dottið niður á rófu svo stóra að  
fimm manns geta ekki togað  
hana upp úr garðinum. Þú ættir  
að koma og hjálpa okkur, enginn  
í þorpinu er sterkari en þú!“

Ánægður fylgdist mjólkur-  
þósturinn með nágranna-  
konunni áleiðis í garðinn.





„Við kippum þessari rófutítlu upp í hvellinum,“ sagði mjólkurþósturinn viss í sinni sök.

En þótt hann neytti allra sinna krafta kom það ekki að gagni. Rófan þokaðist ekki.

„Það þarf alla íbúa byggðarinnar til að klára þetta,“ sagði mjólkurþósturinn. Og hann hljóp af stað til að fá fleiri til hjálpar.

Fyrst hitti hann vinnustúlkuna. Hún var að koma frá því að versla. Hún sleppti



innkaupakörfunni undir eins til að kalla á bróður sinn frá heyskapnum. Hann henti hrífunni og hraðaði sér að leita að þorpsspjátrungnum.





Þorppspjátrungurinn létt óðara finu rauðu kápuna falla af herðum sér og flýtti sér heim til kærustunnar. Hún létt þvottinn liggja og hljóp til að sækja flautuleikarann. Flautuleikarinn fleygði veiðistöng sinni og flautaði á hundinn.





Hundurinn sagði kettinum  
fréttirnar,



og kötturinn sagði múnissni.





Og innan skamms höfðu allir  
í byggðinni safnast saman í  
rófugarði bóndans.

„Mikið erum við nú heppin  
að eiga alla þessa mörgu vini,“  
sagði bóndakonan fagnandi.



Og nú tóku allir hver í annan  
og öll halarófan hrópaði hátt og  
beitti öllum kröftum.

Þau kipptu og rykktu og  
rykktu og kipptu!

in

i, "



Og viti menn! Jörðin opnaðist  
og upp kom rófan risastóra svo  
snöggt að allir ulti aftur fyrir  
sig, hver ofan á annan!



Bóndinn varð svo hrifinn og spenntur yfir stærð rófunnar að hann átti engin orð til að þakka fólkini fyrir hjálpinu.



Daginn sem veita átti rófuvérðlaunin var komið með rófur víðs vegar að, af öllum stærðum og tegundum, á markaðstorgið þar sem bæjarstjórinn beið.



Þar voru hvítar rófur, gular og rauðar, gildar og mjóar, stórar og smáar. En þó að þarna fýndust allar þær fallegustu rófur sem fólk hafði nokkurn tíma séð, bar gulrófa afa og ömmu af þeim öllum.



Og þannig gerðist það að  
sæll og glaður bóndinn og  
bóndakonan eignuðust fallegu,  
svartskjöldóttu kúna.



Það var mikil hátíð og  
fagnaðarlæti í þorpinu þennan  
dag og engir voru kátari og  
hressari en bóndinn, bóna-  
konan, afastrákurinn, ömmu-  
stelpan og nágrannakonan,  
mjólkurþósturinn og vinnu-  
stúlkan, bróðir hennar, þorps-  
spjátrungurinn og kærastan,  
flautuleikarinn, - svo ekki sé  
nú talað um hundinn og kött-  
inn og móusina.

Veturinn varð langur og harður en aldrei skorti mat hjá afa og ömmu eða vinum þeirra og nágrönum.

Nóg var af hvítri kostamjólk, þykkum



og feitum rjóma,



nýlöguðu smjöri og bragðgóðum osti. Og ekki þarf



að efa það, nóg var alltaf til af rófunni!

